

Ed. 705. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [277. mál]

i málinu: Verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni og Eyjólfí K. Jónssyni.

Með því að

- a) vandi þjóðarinnar í áfengismálum er fólgin í mikilli neyslu áfengra drykkja,
- b) úrbætur í áfengismálum leiða til minnkandi tekna ríkissjóðs af áfengissölu,
- c) æskileg þróun er, að ríkissjóður byggji sem minnst á tekjum af áfengissölu, en
- d) frumvarp þetta stefnir í öfuga átt með þeim tilgangi sínum að auka tekjur ríkissjóðs af áfengissölu

samþykkir deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá í trausti þess, að ríkisstjórnin láti endurskoða áfengislöggjöfina í þeim tilgangi að draga úr áfengisneyslu þjóðarinnar, stuðla að hófsemi í meðferð áfengra drykkja, efla bindindi í landinu og auka aðstoð við drykkjusjúklinga, enda verði málið lagt fyrir Alþingi í byrjun næsta þings.